



SKÓLABÚÐIRNAR Á ÚLFLJÓTSVATNI

*Upplýsingar fyrir
nemendur*

**SKÓLAÁRIÐ
2024-2025**

Skólabúðirnar á Úlfjótssvatni

Upplýsingar fyrir nemendur

Kæri nemandi,

Við hlökkum til að fá þig í skólabúðirnar á Úlfjótssvatni. Til að auðvelda þér undirbúning fyrir ferðina höfum við sett saman smá upplýsingar fyrir þig. Vinsamlegast skoðaðu þær vel (helst með einhverjum fullorðnum líka) svo þú vitir hvað er best að koma með og á hverju þú mátt eiga von. Við sjáumst svo hress eftir nokkra daga!

Kveðja, Starfsfólkið á Úlfjótssvatni

Athugaðu að þú verður utandyra í dagskrá frá morgunmat og fram yfir kvöldmat. Það er á þína ábyrgð að koma með viðeigandi fatnað til útiveru, svo þér verði ekki kalt. Skildu fínu strigaskóna eftir heima og komdu með föt sem þola vind, vatn og mold.

Um Úlfjótssvatn

- Á Úlfjótssvatni hafa verið skólabúðir í yfir 30 ár.
- Einkunnarorð Skólabúðanna eru: Leikur, útivist, gleði, vinátta, áskoranir.
- Áhersla er lögð á að öllum líði vel. Hópurinn er þéttur, til dæmis með hópefli og öðrum verkefnum sem þroskar samvinnu.
- Meðal starfsmanna skólabúðanna eru reyndir skátar, útivistarfólk, björgunarsveitarfólk og frístundastarfsfólk. Úlfjótssvatn er alþjóðleg skátamiðstöð og þar starfa einnig erlendir skátar sem sjálfbóðaliðar.

Útbúnaðarlisti

- | | |
|--|---|
| <input type="checkbox"/> Svefnpoki (og koddii ef vill) | <input type="checkbox"/> Ullarnærföt eru góður kostur undir. |
| <input type="checkbox"/> Vatnsvarðir skór (t.d. góðir gönguskór) eða gúmmístígvél | <input type="checkbox"/> Tvennir ullarsokkar |
| <input type="checkbox"/> Handklæði | <input type="checkbox"/> Húfa og vettlingar |
| <input type="checkbox"/> Tannbursti, tannkrem, hárbursti o.þ.h. | <input type="checkbox"/> Léttur innifatnaður, skyrti, bolur, buxur, jogging-galli eða þess háttar |
| <input type="checkbox"/> Vatns- og vindheldur fatnaður | <input type="checkbox"/> Vasaljós (ef á) |
| <input type="checkbox"/> Hlý peysa | <input type="checkbox"/> Vatnsbrúsi (ef vill) |
| <input type="checkbox"/> Góðar útibuxur, t.d. flísbuxur eða æfingabuxur. Helst ekki gallabuxur (verða þungar og kaldar ef þær blotna). | <input type="checkbox"/> Föt til skiptana (líka nærföt, ef allt blotnar) |
| | <input type="checkbox"/> Góða skapið! |

Mikilvægt að muna

- Merkja allan fatnað.
- Ekki er í boði að taka með sér sælgæti, snakk eða gosdrykki.
- Engin ábyrgð er tekin á fjármunum nemenda, enda engin þörf fyrir þá.
- Ef nemandi er haldinn sjúkdómi eða kvilla, eða þarf að taka lyf reglulega, verður forráðamaður að gera bekkjarkennara grein fyrir því.
- Ef nemandi þarf sérstakt mataræði verður að láta vita af því tímanlega.